



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 25. febrúar, 2008

Ákvörðun nr. 13/2008

## **Samruni Vesturbjargs ehf. við Gámaþjónustu Vestfjarða ehf. og Gámaþjónustu Vesturbyggðar ehf.**

### **1.**

Þann 6. febrúar 2008 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem tilkynnt var um kaup Vesturbjargs ehf. (hér eftir Vesturbjarg) við Gámaþjónustu Vestfjarða ehf. og Gámaþjónustu Vesturbyggðar ehf. (hér eftir GV og GVb). Samrunaskráin tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.<sup>1</sup> Í samrunaskránni kemur m.a. fram að með kaupum þessum muni starfsemi GV og GVb renna saman við starfsemi Vesturbjargs. Þá fylgdi með samrunaskránni kaupsamningur, dags. 11. janúar 2008, auk ársreikninga samrunaaðila fyrir árið 2006 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu félaganna.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaup Vesturbjargs á GV og GVb í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga, og fellur þessi samruni undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

### **2.**

Í samrunatilkynningu segir að félagið Vesturbjarg hafi verið stofnað í janúar 2008. Móðurfélag þess sé Gámaþjónustan hf. sem sérhæfi sig í þjónustu á sviði sorphirðu, allt frá innsöfnun á heimilissorpi til flutnings á spilliefnum. Þá segir að GV hafi verið stofnað árið 1992 og sé að jöfnu í eigu Sigríðar Þóru Hallsdóttur og Ragnars Ágústar Kristinssonar. Starfsemi félagsins hafi frá upphafi verið á sviði sorphreinsunar og skyldrar starfsemi, þ.e. leiga á gámum og urðun sorps. Segir því næst að GVb hafi verið stofnað árið 1994 og sé að jöfnu í eigu Ragnars Ágústar Kristinssonar og GV. Starfsemi félagsins sé sú sama og starfsemi GV.

### **3.**

Í samrunatilkynningunni kemur fram að kaupsamningur hafi verið undirritaður þann 11. janúar 2008. Enn fremur segir að stjórn Vesturbjargs telji að starfsemi GV og GVb geti fallið vel að rekstri félagsins og geti nýst til að styrkja það. Starfsemi Vesturbjargs, GV og GVb er á sviði sorphirðu og skyldrar starfsemi, sbr. samrunatilkynningu. Starfa félögin því á sama markaði.

Að mati samrunaaðila er viðkomandi þjónustumarkaður markaður sem tengist fyrst og fremst umhverfismálum, þ.e. á sviði sorphirðu og skyldrar starfsemi.

<sup>1</sup> Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



#### 4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Kaup Vesturbjargs á GV og GVb flokkast undir láréttan samruna í skilningi samkeppnisréttar þar sem starfsemi beggja aðila er á sama sölustigi. Að mati Samkeppniseftirlitsins munu samlegðaráhrif samrunans sem fjallað er um í ákvörðun þessari fyrst og fremst gæta í starfsemi félaganna við sorphirðu og skylda starfsemi. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Vesturbjargs á GV og GVb á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

#### Ákvörðunarorð:

**„Með kaupsamningi, dags. 11. janúar 2008, keypti Vesturbjarg ehf. allt hlutafé í Gámaþjónustu Vestfjarða ehf. og Gámaþjónustu Vesturbyggðar ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson